

|                   |                                                                |                                                                                     |
|-------------------|----------------------------------------------------------------|-------------------------------------------------------------------------------------|
| Nr.: GAT-045      | <b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>                            |  |
| Útgáfa: 07        |                                                                |                                                                                     |
| Dags.: 08.04.2010 |                                                                |                                                                                     |
| Höfundur: GLÁ     | <b>Áfangaheiti ÍSL 503</b><br><b>Kennsluáætlun Vorönn 2011</b> |                                                                                     |
| Samþykkt: HJS     |                                                                |                                                                                     |
| Síða 1 af 2       |                                                                |                                                                                     |

|                |                                                                         |               |                 |
|----------------|-------------------------------------------------------------------------|---------------|-----------------|
| <b>Kennari</b> | Anna Lilja Harðardóttir, Margrét Lóa Jónsdóttir og Þórdís H. Jónsdóttir | <b>Sk.st.</b> | ALH, MLJ og PHJ |
|----------------|-------------------------------------------------------------------------|---------------|-----------------|

**Áfangalýsing:** Í áfanganum kynnst nemendur íslenskri bókmenntasögu 20. aldar og fyrstu árum 21. aldar í samhengi við strauma og stefnur í þjóðfélags- og menningarmálum bæði hérlandis og erlendis á sama tímaskeiði. Nemendur kynnst helstu höfundum á þessum tíma, lesa verk eftir þá, glöggva sig á inntaki bókmenntaverkanna og skoða erindi þeirra við samtímann. Nemendur vinna skrifleg og munnleg verkefni í tengslum við efni áfangans. Nemendur velja sér einn höfund úr bókmenntasögunni og flytja um hann fyrirlestur á önninni.

**Markmið:** Að nemandi öðlist innsýn í bókmenntasögu 20. aldar.

- átti sig á áhrifum erlendra menningarstrauma á íslenskar bókmenntir 20. aldar.
- þekki helstu hugtök sem tengjast bókmenntastefnum 20. aldar.
- geri sér grein fyrir hlutverki bókmennta í samfélaginu og áhrifum þeirra.
- geti gert grein fyrir nokkrum helstu höfundum og einkennum í verkum þeirra.
- geti greint málfarsleg einkenni mismunandi stíls og önnur atriði sem lúta að mismunandi bókmenntastefnum.
- vinni undir leiðsögn kennara að bókmenntakynningum sem fela í sér greiningu bókmenntatexta, upplýsingaöflun og lestur fræðitexta.

**Námsgögn:**

*Öldin öfgafulla* e. Dagnýju Kristjánsdóttur ( 2010)

*Tímar í lífi þjóðar* e. Indriða G. Þorsteinsson ( 2004)

ÍSL 503 Textahefti (2010 – VMA skrifstofa)

Myndbönd, geisladiskar og ljósrit eftir því sem við á.

**Áætlun um yfirferð: 1. lota 06.01 – 21.01**

Kynning áfangans; **1900 - 1920** *Öldin öfgafulla* (ÖÖ) bls. 9 – 50 og textahefti fyrir ÍSL 503; Ísland í upphafi 20. aldar og breytingar á næstu 20 árum. Fjallað um helstu höfunda, verk þeirra skoðuð og bókmenntastefnur tímabilsins s.s. nýrómantík.

Nemendur vinna verkefni í tímum. Hafinn lestur á verkinu: *Tímar í lífi þjóðar*.

**2. lota 24.01 – 04.02.:** *Öldin öfgafulla 1920 – 1940* (ÖÖ) bls. 51 – 81 og textahefti. Fjallað um bókmenntasögu tímabilsins, helstu höfunda og breytingar í samfélaginu á krepputímum.

|                   |                                                                |                                                                                     |
|-------------------|----------------------------------------------------------------|-------------------------------------------------------------------------------------|
| Nr.: GAT-045      | <b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>                            |  |
| Útgáfa: 07        |                                                                |                                                                                     |
| Dags.: 08.04.2010 |                                                                |                                                                                     |
| Höfundur: GLÁ     | <b>Áfangaheiti ÍSL 503</b><br><b>Kennsluáætlun Vorönn 2011</b> |                                                                                     |
| Samþykkt: HJS     |                                                                |                                                                                     |
| Síða 2 af 2       |                                                                |                                                                                     |

**3. lota 07.02 – 25.02: Öldin öfgafulla 1940 – 1950** (ÖÖ) bls. 83 – 105 og textahefti f. ÍSL 503; Áhrif og afleiðingar heimsstyrjaldar, hernáms og kalda stríðsins á íslenskt þjóðfélag og bókmenntir. Miðannarpróf úr ÖÖ frá tímabilinu 1900 - 1950; krossapróf og ljóð og fl. 25%

**4. lota 28.02 – 11.03: Öldin öfgafulla 1950 – 1960** (ÖÖ) bls. 107 – 141 Farið verður í grunnatriði skáldsögu greiningar auk þess sem verkið *Tímar í lífi þjóðar* eftir Indriða G. Þorsteinsson, verður krufið og rætt. Lotunni lýkur með krossaprófi 10% og verkefni úr *Tímum í lífi þjóðar* 10%

**5. lota 14.03 - 01.04: Öldin öfgafulla 1960 – 1990** (ÖÖ) bls. 143 – 215 og textahefti f. ÍSL 503; Farið verður í bókmenntasögu tímabilsins og helstu höfunda. Einkenni smásagna verða rifjuð upp auk þess sem smásögurnar í textaheftinu verða lesnar. Lotunni lýkur með verkefni úr smásögum 10%.

**6. lota 04.04. - 29.04. Ath. páskafrí: Öldin öfgafulla 1990 – 2010** (ÖÖ) bls. 217 – 263 og textahefti f. ÍSL 503; Drepið verður á helstu atriði tímabilsins, helstu stefnur og höfunda. Nemendur velja skáldverk frá síðari árum og vinna með þau. Lotunni lýkur með verkefni úr nútímabókmenntum 15%.

**Próf úr ÖÖ frá tímabilinu 1950 – 2010 og ljóðum (25%) verður í prófalotu**

#### Námsmat og vægi námsþátta:

- |                                             |     |
|---------------------------------------------|-----|
| a) Miðannarpróf                             | 25% |
| b) <i>Tímar í lífi þjóðar</i> í lok 4. lotu | 20% |
| c) Verkefni úr smásögum í lok 4. lotu       | 10% |
| d) Próf í prófalotu                         | 25% |
| e) Verkefni í lok 6. lotu                   | 15% |
| f) Munnlegt verkefni um höfund              | 5%  |

**Verkefnum skal skilað á tilsettum skiladegi hverju sinni. Nemandi sem er veikur á prófdegi, eða við önnur vinnuskil annarinnar, skal tilkynna það að morgni til skrifstofu VMA.**

**Þessi kennsluáætlun er birt með fyrirvara um hugsanlegar breytingar.**

#### Dagsetning:

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils